

Fundur 18.9.2023 Mary Lee frá Missori USA.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið,*

Tala ég við ykkur, ég tala svo oft við andana, er mér sagt að þið séuð ekki andar, er hér leiðbeinandi sem segir mér að þið séuð líkamlegir menn en ekki trúir ég því að þið séuð á jörðinni gömlu, halda þar allir að við séum andar.

*Líkamlegir menn af gömlu jörðinni.*

*Ekki við, við höldum það ekki.*

Eru þið á gömlu jörðinni samt?

*Já, já já.*

Það er merkilegt.

*Á Íslandi.*

*Og allir með líkama.*

Íslandi, eru það ekki eskimóar?

*Nei það eru berjamóar.*

*Við erum hvítir.*

Já.

*Og stórir og sterkir.*

Já ókei.

Já, ég, það getur verið, ég.

*Hver ert þú?*

Ég lifði á jörðinni líka, ég hef sífellt reynt að gera líf mitt betra á þessum stað, sem ég nú er á og ekki eru árin mörg en mér var sagt að segja ykkur frá raunum mínum og reyna að byggja þá hjálp sem er í boði og það sé gott að ræða við þá sem ekki trúa því að við séum andar.

Ætla ég að reyna að koma að erindi mínu, ég, ekki er nema nokkur ár síðan ég fór af jörðinni gömlu og hef stöðugt reynt að ná sambandi við þá sem geta hjálpað okkur á betri leið og hef ég jafnvel treyst sumum af þeim sem hingað hafa komið í hjálparleiðangra.

Og um leið og ég kynntist því fólki sem verið hafði hér lengi og gengið brautina á undan mér, fór mér að ganga betur og bentu þau mér á ýmsar leiðir til úrbóta, jákvæðara hugarfar og treysta fólki betur og fyrirgefa.

Ég, hluti af mínu vandamáli er að ég hef ekki viljað segja frá þessu og hef ég leitað eftir samskiptum við mér líka, hér í ríki þar sem ekki er allt nógu gott og höfum við farið með hernaði á hendur óvinum okkar og hefur það ekki verið gott og höfum þurft að gróa sárum okkar.

Mér er það ljóst að ég þarf að taka mark á þeim sem hér vilja hjálpa og vil gjarnan komast á betri stað.

Og er á þeirri vegferð en það hefur mjög tafið mig og mér hefur gramist það, að minn fyrrverandi eiginmaður var í forsvari fyrir hjálparhóp sem hingað kom nýlega og gat ég ekki hugsað mér að ræða við hann og hröktum við þá þess vegna í burtu eins og við höfum oft gert við slíka sem hingað hafa komið.

Hafa samt orðið nokkrar breytingar á þessu þar sem nokkrir af þeim sem eldri eru og reyndari hafa þegið hjálpina og hef ég heyrt af því og höfum við þurft að byggja frá þeim mat, þar sem eitrun kom upp í jarðvegi og höfum átt í erfiðleikum.

Ég átti langt líf á jörðinni og lenti ég í mörgum skakkaföllum og fór það nú svo að ég fór að hata út í hitt kynið á efri árum og ól ég dóttur mín upp í því og tvo syni sem gerðust mér fráhverfir.

Og dó ég úr sjúkdómi þegar orðin nokkuð öldruð, Bandarísk kona, var komið upp þetta meto mál og gladdist ég mjög yfir því er ég féll frá og óttast ég að ég hafi komið dóttur minni inn í það.

En hér á þessum hnetti hefur það undið upp á sig og eru hér margir slíkir hópar, mest megnis kvenna þar sem ég er og þeirra sem fylgja okkur að málum og hafa þær sumar verið dæmdar fyrir morð og afbrot og hafði ég fé af fólki með mannorðs meiðingum og lenti í ýmsu misjöfnum, nauðgunum og óreglu, áfengi, vímuefnum og er hér stödd á stað sem er ekki nógu góður, er hér myrkur og kuldi og náttúruhamfarir.

Og er mér sagt að ég verði að fyrirgefa og sættast við fortíðina til að komast upp aftur, ætla ég að reyna að segja nafn mitt áður en ég kveð.

Frá Missori fylki Mary Lee.

Ætla ég nú að kveðja ykkur, verið þið sælir.

*Vilt þú ekki prufa að þreifa á líkamanum þínum og finna að hann er úr föstu efni?*

*Og sannfærast þannig að þú ert ekki andi.*

Já ég veit að ég er ekki andi en það halda það flestir sem ég ræði við í þessu sambandi.

*Þá ert þú komin lengra en þeir og þá hlítur þú að eiga góða von um að komast á brott úr þessum stað.*

Já, þakka þér fyrir það.

*Við skulum hugsa til þín.*

Þakka þér fyrir og verið þið sælir.

*Við óskum þér alls hins besta.*

*Gangi þér vel.*

Já takk fyrir.

Verið þið sælir.

*Vertu blessuð.*